

9. aðalfundur Upplýsingar

Haldinn í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhöðunnar, 6. maí 2008 kl. 15.00

Fundarmenn: Alls voru mættir 25 félagsmenn

Sigrún Klara Hannesdóttir setti fundinn og bar fram tillögur um að Guðrún Pálsdóttir yrði fundarstjóri og fundarritarar Ingibjörg Hallbjörnsdóttir og Ólöf Benediksdóttir. Það var samþykkt og gengið til dagskrár.

Dagskrá:

a) Skýrsla stjórnar

Sigrún Klara Hannesdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar (sjá fylgiskjal). Hún sagði verkefnaáætlun hafa legið fyrir á síðasta aðalfundi og stjórnin hefði stuðst við hana. Hún hefði tekið við góðu búi og verklags og starfsreglur hefði ekki þurft að endurskoða. Þörf væri þó á framkvæmdastjóra og stjórnin mætti skipta betur með sér verkum.

Rekstur félagsins hefði verið einfaldaður vegna fjárskorts og sölu húsnæðis. Tekið var á leigu húsnæði að Stórhöfða 15 en leiga 50.000 á mánuði er of há. Sótt hefur verið um hjá Reykjavíkurakademíunni en þar er biðlisti. Skipt var um hýsingaraðila vefseturs og breyttist slóð og netfang við það. Stefnt er að því að ráða nýjan vefstjóra og setja upp innri vef, m.a. með félagatali.

Útgáfumálin hafa tekið stakkaskiptum þar sem Fregnir koma frá og með 2008 aðeins út á vefnum. Rætt hefur verið um að hætta útgáfu þeirra með þessu sniði og setja fréttir og greinar jafnóðum inn á vefinn. Bókasafnið hefur verið myndað og ljóslesið félaginu að kostnaðarlausu og birt á www.timarit.is. Útgáfustefnan er til endurskoðunar og til umræðu að hafa sameiginlega útgáfunefnd fyrir bæði blöðin og jafnvel að hafa Bókasafnið ritrýnt að hluta til.

Skjölum og gögnum fyrirrennara Upplýsingar hefur verið komið fyrir á Handritadeild Landsbókasafns en þau höfðu áður verið grisjuð af Þórdísi T. Þórarinsdóttur og Huldu B. Þorkelsdóttur. Ásgerður Kjartansdóttir hefur gert drög að skjalalykli fyrir Upplýsingu.

Stefnumótun fyrir 2008-2012 hefur staðið yfir hjá forsætisráðuneytinu og hefur stefna Upplýsingar verið notuð við þá vinnu og formaður setið í nefnd ráðuneytisins um hana.

Kynningarnefnd Upplýsingar og Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna hefur starfað síðan haustið 2007 og 23. apríl var á málþingi Katalogosar kynnt nýtt slagorð HEILSULIND HUGANS en hugmynd að því átti Sveinn Þorgeirsson nemandi í HR.

Samstarf var að vanda mikið við innlenda og erlenda aðila. Þar má nefna Ríkisútvarpið um barnaleikritið Mæju Spæju; Félag bókaútfenda um Barnabókastofu; Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina og Borgarholtsskóla um bókasafnstækninám; Norrænu bókavardafélögin o.fl. Auk þess er félagið í ýmsum samtökum þ.e. IBBY, EBLIDA, LIBER, NORD I&D, NFBN, IASL og IFLA og tekur þátt í starfi þeirra. Verið er að undirbúa rannsókn á siðareglum á Norðurlöndum.

Upplýsing hefur veitt þrjá styrki 2008 vegna norrænnar ráðstefnu tónlistarbókasafna, til ARLIS-Norden vegna ráðstefnu norrænna listbókasafna og til verkefnisins Ljóð unga fólksins.

Starfshópur um höfundarétt fylgist með þeim málum og þrír úr hópnum sátu ráðstefnum á vegum Fjölís, IFRRO og HR í apríl.

Landsfundur verður haldinn 10-11 okt. í Hafnarfirði. Stjórnin hefur sett samráðsfundi með ritnefnd Bókasafnsins, landsfundarnefnd, kynningarnefnd og fræðslunefnd félagsins.

Félagið hélt ráðstefnuna „Aðgengi fyrir alla“ um landssamningana þann 15. október og voru þáttakendur um 110. Þrír fræðslufundir voru á starfsárinu. Jólagleðin var eini almenni félagsfundurinn. Starfsnefndir félagsins eru um 20.

Í undirbúningi er ráðstefna 22-23 okt. 2008 „The Future is here! – Are We Prepared? New Thinking in Education for Public Libraries“.

Þörf er á meiri samvinnu við endurmenntun HÍ og að kanna hvaða námskeið eru aðkallandi.

Félagsskírteini með kennitölu voru gefin út á nafni og kennitölu og veitir það afsláttarkjör en þörf er á sjálfboðaliðum til að afla þeirra.

Á síðasta ári var úthutað 18 styrkjum úr ferðasjóði en ekki nýttu sér allir styrkinn. Sjóðnum hafa borist 16 umsóknir um styrki í ár og voru 13 samþykktar. Bréf munu verða send út til styrkþega á næstunni. Hámarksstyrkur er kr. 20.000.

Starfsemi félagsins er umfangsmikil en nýbreytni verður því aðeins að meðlimir séu fúsir til að vinna fyrir félagið.

b) Skýrslur hópa og nefnda

Formaður flutti yfirlit um nefndir og hópa og formenn þeirra (sjá fylgiskjöl). Í 20 nefndum og hópum starfa um 60 manns en starfsemin er mismikil.

Kristín Ósk Hlynsdóttir spurði um starfsemi í orðanefnd félagsins en formaður sagði það ekkert hafa verið á síðasta starfsári. Taldi Kristín að orðanefndir Upplýsingar og Félags um skjalastjórn þyrftu að taka upp þráðinn að nýju.

c) Reikningar félagsins

Gjaldkeri Þóra Jónsdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins (sjá fylgiskjöl). Í efnahagsreikningi kemur m.a. fram að gjöld hafa farið nokkuð fram úr tekjum á starfsárinu en á móti kemur að félagið á inni hluta af ágóða vegna ráðstefnuhalds og að útgjöld vegna EBLIDA fundar og tveggja IFLA ráðstefna féllu á starfsárið.

Eign í Lág múla var seld og var hagnaður tæpar tvær milljónir.

Stofnaður var sérstakur ráðstefnureikningur.

Nokkrar umræður urðu um húsnæðiskostnað félagsins og töldu fundarmenn að þó mikið þyrfti að greiða fyrir húsaleigu væri óhjákvæmilegt að hafa fast húsnæði. Óskir komu fram um að eitthvert safn gæti boðið félaginu húskjól.

Endurskoðendur höfði farið yfir reikningana. Þeir voru samþykktir samhljóða.

d) Reikningar Bókasafnsins

Höfðu ekki borist

e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs

Gjaldkeri bar fram fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2008-2009 (sjá fylgiskjöl).

Gert er ráð fyrir að félagið verði áfram rekið með halla þar sem kostnaður er talinn fara 685 þús. kr. umfram tekjur. Kostnað vegna skrifstofuhalds ber þar hæst.

Spurt var hvort ekki ætti að kaupa nýtt húsnæði en formaður svaraði því til að það væri svo mikil viðbótarvinna fyrir stjórnina að sjá um húsnæði sem væri eingöngu fyrir félagið og ekki hefði fundist neitt sem hægt hefði verið að kaupa með öðrum. Sömuleiðis var spurt um ávöxtunarleið á eigin fé. Gjaldkeri sagði það vera á góðum reikningi án áhættu.

Spurt var um þóknun til stjórnar (sem ákveðin var á síðasta aðalfundi) sem er lægri á áætlun en reikningar fyrra árs gefa til kynna. Því var svarað til að hluti þóknunarinnar hefði þegar verið greiddur.

Áætlunin skoðaðist samþykkt.

f) Árgjald 2009

Gjaldkeri lagði til að árgjald yrði hækkað úr 5000 kr. í 6500, nemar greiddu þá helming en stofnanir tvöfalt árgjald.

Hún færði þau rök fyrir hækkuninni að rekstur væri nú kostnaðarsamari, styrktaraðilar væru að draga saman seglin og erfiðara að fá styrki. Innkomin árgjöld eru um 500 en duga engan veginn.

Spurt var um gjöld ellilífeyrisþega og var því svarað að þeir gætu sótt um að greiða hálf gald.

Tillaga gjaldkera var samþykkt samhljóða.

g) Lagabreytingar.

Guðrún Pálsdóttir kynnti tillögur um breytingar á lögum félagsins þar sem enginn úr lagabreytingarnefnd var viðstaddur. Lagabreytingarnefnd hafði rætt um 5. grein laga félagsins og sett fram tillögur að breytingu til að gera greinina einfaldari og til að stuðla að hnökralausu stjórnarkjöri í félaginu. Tillögurnar voru sem hér segir:

Gildandi grein um stjórnarkjör:

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og vefstjóra. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórnarkjöri skal hagað þannig:

- a) Formann og varaformann skal kjósa sérstaklega. Þeir skulu kosnir til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður mega sitja þrjú kjörtímabil samfellt.
- b) Aðra stjórnarmenn og varamenn skal kjósa til tveggja ára. Stjórnarmenn mega sömuleiðis sitja þrjú kjörtímabil í senn. Seta í stjórn skerðir ekki rétt til kjörgengis til formanns.

Heimilt er að kjósa félag að nýju í stjórn þegar ár er liðið frá því að hann vék úr henni. Að loknum kjörtímabilum formanns, varaformanns og stjórnarmanna er heimilt að kjósa þá til eins árs í senn.

Úr stjórn gangi að hámarki þrjár stjórnarmenn hverju sinni.

Við stjórnarkjör til félagsins skal leitast við að fulltrúar ólíkra safnategunda og faghópa eigi sæti í stjórn félagsins sem og í nefndum og ráðum þess.

Tillaga lagabreytingarnefndar um breytingu:

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórnarkjöri skal hagað þannig:

- a) Formann og varaformann skal kjósa til tveggja ára. Þeir eru kosnir sérstaklega sitt árið hvor.
- b) Aðra stjórnarmenn og varamenn skal kjósa til tveggja ára þannig að tveir eru kosnir annað árið og einn hitt árið. Varamenn eru kosnir til tveggja ára. Seta í stjórn skerðir ekki rétt til kjörgengis til formanns.

Ef stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur og varamaður tekur sæti í hans stað, skal kjörtímabil hins síðarnefnda sem stjórnarmanns aðeins ná yfir þann tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Láti stjórnarmaður af störfum á aðalfundi áður en kjörtímabili hans lýkur skal annar kosinn í hans stað til jafnslangs tíma og eftir er af kjörtímabili þess fyrrnefnda.

Uppstillingarnefnd skal starfa í félaginu og skal hún gæta þess fyrir hvern aðalfund að ekki skorti framboð til stjórnarsetu.

Við stjórnarkjör skal leitast við að fulltrúar ólíkra safnategunda og faghópa eigi sæti í stjórn félagsins, sem og í nefndum og vinnuhópum.

Ákvæði til bráðabirgða

Varaformaður (eða formaður) skal kosinn til tveggja ára á aðalfundi 2008 þegar lagabreyting tekur gildi.

Athugasemdir lagabreytingarnefndar:

- 1) Við höfum tekið út orðið *vefstjóri* í 1. málsgrein og sett *meðstjórnandi* í staðinn, enda teljum við að sá aðili sem sér um vef félagsins þurfi ekki endilega að vera einn af stjórnarmönnum. Það þrengir að óþörfu svigrúmið til að útvega slíkan starfskraft.
- 2) Í grein a) höfum við sett inn það ákvæði að formaður og varaformaður séu kosnir sitt árið hvor. Þá er ekki hætt á að báðir hætti samtímis. Við teljum að þetta ákvæði stuðli að meiri samfellu í störfum stjórnar.
- 3) Í tillögu okkar er tilhögun stjórnarkjörs lýst með öðrum hætti en í gildandi lögum. Okkur finnst þessi framsetning skýrari og er fyrirmyndin fengin úr lögum annarra félaga. Samkvæmt þessu er óþörf og fellur burt klausan: *Úr stjórn gangi að hámarki þrír stjórnarmenn hverju sinni.*
- 4) Okkur þykir engin nauðsyn á því að takmarka í lögum félagsins þann árafjölda sem mönnum er heimilt að sitja í stjórn. Við teljum að aðalfundir geti ráðið þessu eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Því eru felld burt öll ákvæði sem mæla fyrir um hámarks lengd stjórnarsetu. Hins vegar höfum við bætt við sérstakri klausu um það ef einhver stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur. Ef varamaður tekur við eða nýr stjórnarmaður er kosinn í staðinn er rétt að kjörtímabil hans nái aðeins yfir þann tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Þetta er gert til þess að kerfið riðlist ekki við þessar aðstæður.
- 5) Við höfum sett inn ákvæði um að uppstillingarnefnd skuli starfa í félaginu. Af okkar hálfu er þetta ekki hugsað þannig að nefndin eigi að “stillast upp” eða mæla með einhverjum frambjóðanda, heldur er hlutverk hennar að gæta þess fyrir hvern aðalfund að ekki skorti framboð til stjórnarsetu. Hún á sem sagt að koma í veg fyrir óþægindi sem skapast af slíku. Okkur finnst nauðsynlegt að binda þetta mikilvæga ákvæði í félagslög svo að það gleymist ekki.
- 6) Ef að þessi nýja grein 5. greinar verður samþykkt er nauðsynlegt að laga núverandi skipun stjórnar að þessari breytingu. Ekki þarf annað en að kjósa annaðhvort formann eða varafomann til næstu tveggja ára á aðalfundi 2008. Því er látið fylgja *ákvæði til bráðabirgða.*

Þórdís Þórarinsdóttir lagði fram breytingartillögu sem fól í sér að tekið væri fram að formaður, varaformaður og aðrir stjórnarmenn væru kosnir til tveggja ára *í senn*. Þetta væri gert svo það kæmi skýrt fram að það mætti kjósa þá aftur.

Tillagan var samþykkt samhljóða með breytingartillögu.

Ákvæði til bráðabirgða var samþykkt samhljóða.

h) Kosning stjórnar og varamanna.

Ingibjörg Rögnvaldsdóttir gerði grein fyrir eftirfarandi tillögum uppstillingarnefndar:

Sigrún Klara Hannesdóttir formaður, Óskar Guðjónsson varaformaður sitja áfram

Nýir stjórnarmenn: Helga Halldórsdóttir, Hrafnhildur Tryggvadóttir og Sigrún Guðnadóttir.

Varamenn í stjórn: Hulda B. Þorkeldsdóttir og Þórdís Þórarinsdóttir.

Stjórnin kosin samhljóða.

Samkvæmt nýsamþykktri breytingartillögu við lög félagsins þurfti að kjósa formann eða varaformann til tveggja ára. Sigrún Klara Hannesdóttir gaf ekki kost á sér nema út næsta ár en Óskar Guðjónsson gaf kost á sér til næstu tveggja ára og var það samþykkt með lófataki.

Þórdís og Hulda eiga eitt ár eftir af kjörtímabili og því þurfti ekki kosningu.

i) Kosning skoðunarmanna reikninga.

Hafðís Dögg Hafsteinsdóttir og Nanna Lind Svavarsdóttir voru endurkjörnar en Halldóra Jónsdóttir kosin ný.

j) Kosning í nefndir.

Kosið var í eftirtaldar nefndir á vegum félagsins:

Fræðslu- og skemmtinefnd (óbreytt):

Arnfríður Jónasdóttir

Bára Stefánsdóttir

Eygló Guðjónsdóttir

Lagabreytingarnefnd (óbreytt):

Hildur Gunnlaugsdóttir

Sigríður Eggertsdóttir

Sigurður Þ. Baldvinsson

Ritnefnd Bókasafnsins:

Ásdís Paulsdóttir

Einar Ólafsson (nýr)

Kristín Ingunnardóttir

Kristína Benedikz (ný)

Sigurborg Brynja Ólafsdóttir (ný)

Siðanefnd:

Anna Torfadóttir

Áslaug Agnarsdóttir (kemur í stað Ingibjargar Árnadóttur sem lést á síðasta ári)

Bryndís Áslaug Óttarsdóttir

k) Önnur mál.

Kristín Ósk Hlynisdóttir vakti máls á að fagfélag vantaði fyrir bókasafns- og upplýsingafræðinga. Hún beindi þeim tilmælum til stjórnar Upplýsingar að félagið tæki til athugunar að koma á fót fagdeild eða fagsviði innan félagsins sem gæti svarað þegar að faginu væri vegið. Um þetta urðu nokkrar umræður en formaður sagði að þessi ábending yrði tekin fyrir á stjórnarfundi.

Að lokum hefðbundnum aðalfundarstörfum um kl. 16.00 voru fráfarandi stjórnarmönnum, fundarstjóra og fundarriturum færð blóm. Þá tók við síðasti liður á dagskrá aðalfundar sem var afhending viðurkenninga fyrir fyrir bestu íslensku fræðibækurnar fyrir börn og fullorðna fyrir árið 2007. Engin íslensk fræðibók fyrir börn stóðst kröfur Upplýsingar að þessu sinni en formaður valnefndar fræðibókar fyrir fullorðna, Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, gerði grein fyrir vali nefndarinnar á bókinni *Sáðmenn sandanna: saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007* eftir Friðrik G. Olgeirsson sem Landgræðsla ríkisins gaf út. Sigrún Klara Hannesdóttir afhenti höfundi og Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra viðurkenninguna.

Að verðlaunaafhendingu lokinni var boðið upp á léttar veitingar.

Fundi slitið 17.00